

E 7/2022

**Fyrirspyrjandi:** Linda Modig (M)  
**Til** Ríkisstjórna Norðurlanda

Til ríkisstjórna Norðurlanda

**E 7/2022: Skrifleg fyrirspurn um aðlögun Helsingforssamningsins að nútímanum**

Frjáls för og vegabréfafrelsi eru ef til vill verðmætustu kostir Norðurlanda. Þessum þáttum hefur endurtekið verið ógnað á síðari árum. Á undanförunum árum hefur landamærum norrænu landanna margsinnis og margvíslega nánast verið lokað. Við höfum einnig séð nýjar stjórnsýsluhindranir, nú seinast í heimsfaraldri. Á margan hátt reynir á kjarnann í hinni norrænu grundvallarskipan samkvæmt Helsingforssamningnum.

Við getum ekki látið þessa þróun halda áfram eigi Norðurlönd að vera farsæl, umhverfisvæn og samþætt svæði eins og við höfum ákveðið að þau eigi að vera.

Helsingforssamningurinn var undirritaður hinn 23. mars 1962. Samningurinn hefur síðan þá verði endurskoðaður nokkrum sinnum, seinast á tíunda áratugnum, en orðalag hans er þó enn óbreytt frá því á sjöunda áratugnum. Koma þarf á samtali um stöðu og innihald Helsingforssamningsins. Það þarf að vera hægt að bregðast við brotum gegn samningnum og þau þurfa að hafa afleiðingar.

Í grunninn snýst þetta þetta um möguleika ríkisborgara á Norðurlöndum til að nýta sér þau réttindi sem felast í samstarfi landanna. Einnig ætti að taka tillit til þess samstarfs sem nú er í gangi á sviði öryggismála við mögulegar breytingar á Helsingforssamningnum og tryggja þannig möguleika Norðurlanda til að grípa til sameiginlegra aðgerða á krísutímum.

**Með hliðsjón af framangreindu er spurt:**

Eru ríkisstjórnir á Norðurlöndum reiðubúnar til að endurskoða, og eftir þörfum, laga Helsingforssamninginn að nútímanum til að tryggja að samningurinn og norrænt samstarf eigi erindi?

Á degi Norðurlanda 23. mars 2022

*Linda Modig (M)*